

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 5. mars 2025.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.17.00 og lauk kl.18.40.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Hildur Vilhelmsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Ragnar Hilmarsson, Viðar Halldórsson og Már Sveinbjörnsson (Teams). Forföll: Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson og Arnfríður Kristín Arnardóttir.

Dagskrá:

- 1. Fundarefni stjórnarfundar 5. febrúar sl. og fundargerð**
Farið yfir málefnið, drög að starfsmannalista 54. þingsins ÍBH ræddur og fundargerðin samþykkt
- 2. Endurskoðun á þjónustu- og rekstrarsamningum**
Íþróttafélaga í Hafnarfirði. Bréf sem var lagt fyrir bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar 20. febrúar sl., lagt fram til kynningar og umræðna.
- 3. Drög að málefnum þings ÍBH**
Rædd og fundarmenn hvattir til að koma með fleiri tillögur næstu vikur.
- 4. Tímaúthlutunarreglur ÍBH – endurskoðun**
Reglurnar eru endurskoðaðar árlega. Uppfæra þarf upplýsingar um knattspyrnumannvirki og var framkvæmdastjóra ÍBH falið að klára þá vinnu í samvinnu við félagin fyrir næsta stjórnarfund ÍBH.
- 5. Ársþing Akstursíþróttasambands Íslands**
Verður haldið laugardaginn 8. mars 2025 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík. ÍBH á rétt á því að senda 1 fulltrúa á þingið, eins og á önnur sérsambandsþing.
- 6. Mótahald UMFÍ**
Lagt fram til umræðna, ef umsókn um mót er lögð inn, þá þarf staðfesting á samstarfi sveitarfélagsins að fylgja með. Ákveðið að sækja ekki um í ár að halda mót.
- 7. Uppfærð jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög**
Jafnréttisáætlunin er frá ÍSÍ og unnin í samstarfi við fagfólk á sviði jafnréttismála. Lögð fram til kynningar, upplýsingar um málefnið hefur verið send á öll aðildarfélög ÍBH og þau hvött til að endurskoða sínar áætlanir.
- 8. Klifurþing**
Verður haldið miðvikudaginn 5. mars 2025 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.

9. Nýr formaður Siglingaklúbbsins Þyts

Á aðalfundi félagsins í febrúar sl. var Helga Veronica Foldar kjörin nýr formaður félagsins. ÍBH býður hana velkomna til starfa.

10. Blakþing

Verður haldið föstudaginn 28. mars 2025 í íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.

11. Skil á starfsskýrslum til ÍSÍ

Búið er að opna fyrir starfsskýrsluskil í Abler hjá ÍSÍ og er skilafrestur 15. apríl 2025 fyrir alla íþróttahreyfinguna. ÍSÍ hélt námskeið um skilakerfið fyrir íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu 4. mars sl. á Teams.

12. Þríþrautarþing

Verður sunnudaginn 30. mars 2025 í íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.

13. Nýr formaður handknattleiksdeildar FH

Á aðalfundi handknattleiksdeildar FH í febrúar sl. hætti Ásgeir Jónsson sem formaður deildarinnar og Ágúst Bjarni Garðarsson tók við. ÍBH þakkar Ásgeiri fyrir hans störf fyrir handknattleik í bæjarfélaginu og býður Ásgeir Bjarna velkominn til starfa.

14. Bogfimiþing

Verður laugardaginn 29. mars 2025 í íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.

15. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.